

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2015/1501****2019/EES/101/08****frá 8. september 2015****um umgjörð samvirkni skv. 8. mgr. 12. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 frá 23. júlí 2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum og um niðurfellingu á tilskipun 1999/93/EB ⁽¹⁾, einkum 8. mgr. 12. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014 er kveðið á um að koma skuli á umgjörð samvirkni í þeim tilgangi að landsbundnar rafrænar auðkenningarskipanir, sem tilkynnt er um skv. 1. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar, virki saman.
- 2) Nóður (e. nodes) gegna lykilhlutverki við að tengja saman rafrænar auðkenningarskipanir aðildarríkjanna. Gerð er grein fyrir hlutverki þeirra í gögnum sem tengjast Sjóðnum fyrir samtengda Evrópu, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1316/2013 ⁽²⁾, þar á meðal aðgerðum og þáttum „eIDAS-nóðunnar“.
- 3) Ef aðildarríki eða framkvæmdastjórnin lætur í té hugbúnað sem gerir mögulega sannvottun til nóðu sem er starfrækt í öðru aðildarríki getur sá aðili, sem lætur í té og uppfærir hugbúnaðinn sem er notaður fyrir sannvottunarferlið, gert samkomulag við aðilann, sem hýsir hugbúnaðinn, um það hvernig starfrækslu sannvottunarferlisins verði stjórnað. Slíkt samkomulag ætti ekki að leggja óhóflegar tæknilegar kröfur eða kostnað (þ.m.t. vegna stuðnings, ábyrgðar, hýsingar og annan kostnað) á hýsingaraðilann.
- 4) Að því marki sem framkvæmd umgjörð samvirkni réttlætir það gæti framkvæmdastjórnin, í samvinnu við aðildarríkin, þróað frekari tækniforskriftir með nánari upplýsingum um tæknilegar kröfur sem settar eru fram í þessari reglugerð, einkum með hliðsjón af álitserðum samstarfsnetsins sem um getur í d-lið 14. gr. framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/296 ⁽³⁾. Þróa ætti slíkar forskriftir sem hluta af grunnvirkjum stafrænnar þjónustu samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1316/2013, þar sem settar eru fram leiðir til framkvæmdar á undirstöðueiningu stafrænnar auðkenningar í reynd.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 235, 9.9.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 242/2019 frá 27. september 2019 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 73.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1316/2013 frá 11. desember 2013 um að koma á fót sjóði fyrir samtengda Evrópu, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 913/2010 og um niðurfellingu á reglugerðunum (EB) nr. 680/2007 og (EB) nr. 67/2010 (Stjttíð. ESB L 348, 20.12.2013, bls. 129).

(3) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/296 frá 24. febrúar 2015 um verklag við samstarf milli aðildarríkjanna um rafræna auðkenningu skv. 7. mgr. 12. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum (Stjttíð. ESB L 53, 25.2.2015, bls. 14).

- 5) Tæknilegar kröfur sem settar eru fram í þessari reglugerð ættu að gilda þrátt fyrir hvers konar breytingar á tækniforskriftum sem kunna að vera þróaðar skv. 12. gr. þessarar reglugerðar.
- 6) Við ákvörðun á fyrirkomulagi umgjarðar samvirkni, sem sett er fram í þessari reglugerð, var tekið ítrasta tillit til stóra tilraunaverkefnisins STORK, þ.m.t. forskrifta sem hafa verið þróaðar innan þess, sem og til meginreglna og hugmynda Evrópskrar umgjarðar samvirkni fyrir opinbera þjónustu í Evrópu (e. European Interoperability Framework for European Public Services).
- 7) Tekið hefur verið ítrasta tillit til niðurstaðna samvinnu milli aðildarríkjanna.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 48. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:*1. gr.***Efni**

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um tæknilegar kröfur og kröfur um starfrækslu umgjarðar samvirkni til að tryggja samvirkni rafræna auðkenningarskipana sem aðildarríkin tilkynna til framkvæmdastjórnarinnar.

Meðal þessara krafna eru einkum:

- a) tæknilegar lágmarkskröfur í tengslum við fullvissustigin og vörpun landsbundinna fullvissustiga tilkynnta rafræna auðkenningarleiða, sem eru gefnar út undir tilkynntum rafrænum auðkenningarskipunum skv. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014, eins og sett er fram í 3. og 4. gr.,
- b) tæknilegar lágmarkskröfur um samvirkni, eins og sett er fram í 5. og 8. gr.,
- c) lágmarkssafn auðkenningargagna aðila, sem með einkvæmum hætti standa fyrir einstakling eða lögaðila, eins og fram kemur í 11. gr. og í viðaukanum,
- d) sameiginlegir rekstraröryggisstaðlar eins og fram kemur í 6., 7., 9. og 10. gr.,
- e) fyrirkomulag fyrir lausn deilumála, eins og sett er fram í 13. gr.

*2. gr.***Skilgreiningar**

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „nóða“: tengipunktur sem er hluti af högun samvirkni rafrænnar auðkenningar og þáttur í sannvottun aðila yfir landamæri og sem er fær um að bera kennsl á og vinna úr eða framsenda sendingar til annarra nóða með því að gera landsbundnu grunnvirkni fyrir rafræna auðkenningu í einu aðildarríki kleift að tengjast landsbundnum grunnvirkjum fyrir rafræna auðkenningu í öðrum aðildarríkjum,
- 2) „stjórnandi nóðu“: eining sem ber ábyrgð á því að auðkenningarnóðan starfi rétt og að hægt sé að treysta á nóðuna sem tengipunkt.

3. gr.

Tæknilegar lágmarkskröfur í tengslum við fullvissustigin

Tæknilegar lágmarkskröfur í tengslum við fullvissustigin skulu vera eins og sett er fram í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1502 ⁽¹⁾.

4. gr.

Vörpun landsbundinna fullvissustiga

Vörpun landsbundinna fullvissustiga tilkynnta rafrænna auðkenningar skipana skal fylgja kröfunum sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1502. Tilkynna skal niðurstöður vörpunarinnar til framkvæmdastjórnarinnar með því að nota tilkynningasniðmátið sem mælt er fyrir um í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1505 ⁽²⁾.

5. gr.

Nóður

1. Nóða í einu aðildarríki skal geta tengst nóðum í öðrum aðildarríkjum.
2. Nóðurnar skulu geta greint á milli opinberra aðila og annarra treystenda með tæknilegum aðferðum.
3. Framkvæmd aðildarríkis á þeim tæknilegu kröfum sem settar eru fram í þessari reglugerð skal ekki hafa í för með sér óhóflegar tæknilegar kröfur og kostnað fyrir önnur aðildarríki til þess að þau geti náð samvirkni við framkvæmd fyrrnefnds aðildarríkis.

6. gr.

Gagnaleynd og trúnaðarkvöð

1. Nota skal bestu fánlegu tæknilausnir og verndaraðferðir til að tryggja gagnaleynd og trúnaðarkvöð á gögnum sem skipst er á og að heilleiki gagna varðveitist milli nóða.
2. Nóðurnar skulu ekki vista persónuupplýsingar, nema í þeim tilgangi sem tilgreindur er í 3. mgr. 9. gr.

7. gr.

Heilleiki og ósvikinn uppruni gagna við samskipti

Við samskipti milli nóða skal tryggja heilleika og ósvikinn uppruna gagna til þess að ganga úr skugga um að allar fyrirspurnir og svör séu ósvikin og að ekki hafi verið átt við þau. Í þessum tilgangi skulu nóður nota lausnir sem hafa verið notaðar með árangursríkum hætti við starfrækslu yfir landamæri.

⁽¹⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1502 frá 8. september 2015 um að ákvarða lágmarkstækniforskriftir og -ferla varðandi fullvissustig fyrir rafrænar auðkenningarleiðir skv. 3. mgr. 8. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum (Stjtíð. ESB L 235, 9.9.2015, bls. 7).

⁽²⁾ Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1505 frá 8. september 2015 um tækniforskriftir og snið fyrir traustlista skv. 5. mgr. 22. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum (Stjtíð. ESB L 235, 9.9.2015, bls. 26).

8. gr.

Snið boða í samskiptum

Nóðurnar skulu nota sem málskipan sameiginleg boðsnið, sem eru byggð á stöðlum sem hafa þegar verið notaðir oftar en einu sinni milli aðildarríkja og sannað notagildi sitt í rekstrarumhverfi. Málskipanin skal heimila:

- a) rétta meðferð lágmarkssafns auðkenningargagna aðila, sem með einkvæmum hætti standa fyrir einstakling eða lögaðila,
- b) rétta meðferð fullvissustigs rafrænnar auðkenningarleiðar,
- c) aðgreiningu milli opinberra aðila og annarra treystenda,
- d) sveigjanleika til að mæta þörfum fyrir viðbótareigindir í sambandi við auðkenningu.

9. gr.

Stjórnun öryggisupplýsinga og lýsigagna

1. Stjórnandi nóðu skal miðla lýsigögnum um stjórnun nóðunnar á stöðluðu, tölvutæku formi og með öruggum og áreiðanlegum hætti.
2. A.m.k. þær breytur sem tengjast öryggi skal vera hægt að sækja sjálfvirkt.
3. Stjórnandi nóðu skal vista gögn sem gera kleift að endurskapa runu boðskipta, ef atvik verður, með það fyrir augum að ákvarða hvar og hvers konar atvik átti sér stað. Gögnin skulu vistuð í þann tíma sem landsbundnar kröfur kveða á um og skulu innihalda a.m.k. eftirfarandi:
 - a) auðkenni nóðunnar,
 - b) auðkenni boðanna,
 - c) dag- og tímasetningu boðanna.

10. gr.

Trygging fyrir öryggi upplýsinga og öryggisstaðlar

1. Stjórnendur nóða sem veita sannvottun skulu sýna fram á, að því er varðar nóður sem eru hluti af umgjörð samvirkni, að nóðan fullnægi kröfum staðalsins ISO/IEC 27001 með vottun eða með jafngildum matsaðferðum eða með því að uppfylla landslöggjöf.
2. Stjórnendur nóða skulu framkvæma mikilvægar uppfærslur sem varða öryggi án ótilhlýðilegrar tafar.

11. gr.

Auðkenningargögn aðila

1. Lágmarkssafn auðkenningargagna aðila sem með einkvæmum hætti standa fyrir einstakling eða lögaðila, skal fullnægja kröfunum sem tilgreindar eru í viðauka þegar þau eru notuð í samhengi sem nær yfir landamæri.
2. Lágmarkssafn gagna einstaklings sem er fulltrúi lögaðila skal innihalda þá samsetningu eiginda sem tilgreindar eru í viðauka fyrir einstaklinga og lögaðila þegar þau eru notuð í samhengi sem nær yfir landamæri.
3. Gögn sem eru send skulu vera með upprunalegum rittáknum og, eftir því sem við á, einnig umrituð á latneskt letur.

*12. gr.***Tækniforskriftir**

1. Ef ferlið við að koma umgjörð samvirkni til framkvæmda réttlætir það getur samstarfsnetið, sem komið er á fót með framkvæmdarákvörðun (ESB) 2015/296, samþykkt álitserðir, skv. d-lið 14. gr. þeirrar ákvörðunar, um nauðsyn þess að þróa tækniforskriftir. Slíkar tækniforskriftir skulu innihalda nánari upplýsingar um tæknilegar kröfur sem kveðið er á um í þessari reglugerð.
2. Samkvæmt álitserðinni sem um getur í 1. mgr. skal framkvæmdastjórnin, í samvinnu við aðildarríkin, þróa tækniforskriftirnar sem hluta af grunnvirkjum stafrænnar þjónustu samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1316/2013.
3. Samstarfsnetið skal samþykkja álitserð skv. d-lið 14. gr. framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2015/296, þar sem það leggur mat á hvort og að hve miklu leyti tækniforskriftirnar, sem þróaðar eru skv. 2. mgr., samsvara þörfinni sem greind var í álitserðinni sem um getur í 1. mgr. eða kröfunum sem settar eru í þessari reglugerð. Það getur mælt með að aðildarríkin taki tillit til tækniforskriftanna við framkvæmdina á umgjörð samvirkni.
4. Framkvæmdastjórnin skal hafa til reiðu viðmiðunarframkvæmd sem dæmi um túlkun tækniforskriftanna. Aðildarríkin geta beitt þessari viðmiðunarframkvæmd eða notað hana sem dæmi þegar þau prófa aðrar framkvæmdir tækniforskriftanna.

*13. gr.***Lausn deilumála**

1. Deilur sem kunna að skapast um umgjörð samvirkni skal leysa með samningaviðræðum milli hlutaðeigandi aðildarríkja, ef unnt er.
2. Náist ekki lausn í samræmi við 1. mgr. hefur samstarfsnetið, sem komið var á fót í samræmi við 12. gr. framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2015/296, valdheimild til að jafna deiluna í samræmi við starfsreglur þess.

*14. gr.***Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. september 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kröfur um lágmarkssafn auðkenningargagna aðila sem með einkvæmum hætti standa fyrir einstakling eða lögaðila og um getur í 11. gr.**1. Lágmarkssafn gagna einstaklings**

Lágmarkssafn gagna einstaklings skal innihalda allar eftirfarandi skyldubundnar eigindir:

- a) núverandi kenninafn (-nöfn),
- b) núverandi eiginnafn (-nöfn),
- c) fæðingardag og -ár,
- d) einkvæmt kennimark, sem er búið til af sendiaðildarríkinu í samræmi við tækniforskriftir til auðkenningar yfir landamæri og er eins varanlegt og kostur er.

Lágmarkssafn gagna einstaklings getur innihaldið eftirfarandi viðbótareigindir, eina eða fleiri:

- a) eiginnafn (-nöfn) og kenninafn (-nöfn) við fæðingu,
- b) fæðingarstað,
- c) núverandi heimilisfang,
- d) kyn.

2. Lágmarkssafn gagna lögaðila

Lágmarkssafn gagna lögaðila skal innihalda allar eftirfarandi skyldubundnar eigindir:

- a) núverandi lögheiti,
- b) einkvæmt kennimark, sem er búið til af sendiaðildarríkinu í samræmi við tækniforskriftir til auðkenningar yfir landamæri og er eins varanlegt og kostur er.

Lágmarkssafn gagna lögaðila getur innihaldið eftirfarandi viðbótareigindir, eina eða fleiri:

- a) núverandi heimilisfang,
- b) virðisaukaskattsnúmer,
- c) skatttilvísunarnúmer,
- d) auðkenni í tengslum við 1. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/101/EB ⁽¹⁾,
- e) auðkenni lögaðila (LEI), sem um getur í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1247/2012 ⁽²⁾,
- f) skráningar- og auðkennisnúmer rekstraraðila (EORI), sem um getur í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1352/2013 ⁽³⁾,
- g) vörugjaldsnúmer eins og tilgreint er í 12. mgr. 2. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 389/2012 ⁽⁴⁾.

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/101/EB frá 16. september 2009 um samræmingu verndarráðstafana sem ætlað er að vera jafngildar og aðildarríki krefjast af félögum í skilningi annarrar málsgreinar 48. gr. sáttmálans, til að vernda hagsmuni félagsmanna og þriðju aðila (Stjtið. ESB L 258, 1.10.2009, bls. 11).

⁽²⁾ Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1247/2012 frá 19. desember 2012 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar framsetningu og tíðni skýrslna um viðskipti til afleiðuviðskiptaskráa samkvæmt reglugerð þingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjtið. ESB L 352, 21.12.2012, bls. 20).

⁽³⁾ Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 1352/2013 frá 4. desember 2013 um eyðublöð sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 608/2013 um tollaframkvæmd er varðar hugverkaréttindi (Stjtið. ESB L 341, 18.12.2013, bls. 10).

⁽⁴⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 389/2012 frá 2. maí 2012 um samvinnu á sviði stjórnsýslu að því er varðar vörugjöld og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2073/2004 (Stjtið. ESB L 121, 8.5.2012, bls. 1).